

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorp-hreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphreinsigjald	kr. 3.700 á íbúð
	Sorpeyðingargjald	<u>kr. 5.700 á íbúð</u>
	Sorphirðugjöld alls	kr. 9.400 á íbúð

Sumarbústaðir, íbúðarhúsnæði í dreifbýli og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu: Sorpeyðingargjald kr. 2.900 á fasteign.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
1	0
2	17.300
3	34.600
4	69.200
5	103.800
6	173.000
7	242.200
8	397.900
9	605.500
10	795.800
11	15 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 6 kr. fyrir hvert kíló. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B. lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg

og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 171/2000.

Ísafjarðarbæ, 30. janúar 2001.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.